



Reglur um garðslátt fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega

1. gr. Markmið

Markmið með aðstoð við garðslátt er að styðja þjónustuþega til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

2. gr. Réttur

Rétt til garðsláttis eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Fjarðabyggð sem ekki geta hjálparlaust hirt lóðir sínar vegna skertrar getu. Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar. Ekki er veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast.

3. gr. Stjórn og yfirumsjón

Verkefnastjóri búsetuþjónustu ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Sviðsstjóri framkvæmdasviðs hefur yfirumsjón með framkvæmd þjónustunnar. Bæjarverkstjóri sér um skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar.

4. gr. Gjaldskrá

Þjónustuþegi greiðir fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sett er af bæjarstjórn að fengnum tillögum frá eigna- skipulags- og umhverfisnefnd og félagsmálanefnd. Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af gjaldi fyrir garðslátt. Niðurfelling gjaldsins skal vera tekjutengd og miðað við árstekjur síðastliðins árs.

5. gr. Þjónustulýsing

Þjónusta er veitt þrisvar yfir sumarið í júní, júlí og ágúst. Þjónusta felst í því að grasflatir innan skilgrendra lóðarmarka eru slegnar og garðúrgangur sem fellur til við slátt er hirtur af lóð og komið til jarðgerðar. Ekki er boðið uppá áburðargjöf eða beðahreinsun né önnur garðyrkjustörf.

6. gr. Umsókn

Sótt er um garðslátt á íbúagátt á vefsíðu Fjarðabyggðar: www.fjardabyggd.is eða með því að hafa samband við skiptiborð Fjarðabyggðar. Opið er fyrir umsóknir allt árið. Samþykkt umsókn gildir til 1. júní hvers árs. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna umsókna eru veittar á skrifstofu Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð, 3. maí 2019

Karl Óttar Pétursson
Bæjarstjóri

